

Nd.

631. Nefndarálit

[195. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri mættu á fund nefndarinnar. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. Efnismálgrein greinarinnar orðist svo:
Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.
2. Við 2. gr. Í stað „landgræðslustjóra“ í 2. málsg. komi: Landgræðslu ríkisins.
3. Við 3. gr. Í stað „landgræðslustjóra“ komi: Landgræðslu ríkisins.

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1979.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Finnur Torfi Stefánsson,
fundaskr.

Pálmi Jónsson.

Eggert Haukdal.

Þórarinn Sigurjónsson.

Lúðvík Jósepsson.